

SIÐANEFND BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Mál nr. 7/2022-2023

Kærandi:

Höskuldur Guðmundsson

Kærðu:

Stundin, Aðalsteinn Kjartansson og Helgi Seljan.

Kæruefni:

Umfjöllun í Stundinni þann 17. júní 2022 undir yfirskriftinni „Hvað kom fyrir Kidda?“.

Málsmeðferð:

Málið var kært til Siðanefndar með bréfi lögmanns kæranda, dags. 16. ágúst 2022. Leitað var andsvara kærðu, Aðalsteins Kjartanssonar og Helga Seljan, sem bárust með bréfi, dags. 5. september 2022. Siðanefnd ræddi málið á fundum sínum 6. september, 27. september og 18. október.

Málavextir:

Í maí 2022 létt lögreglustjórin á Vestfjörðum grafa upp líkamsleifar manns sem lést þegar bifreið sem kærandi ók fór út af Óshlíðarvegi árið 1973. Fréttatilkyningar lögreglu um uppgröftinn og kom sú umfjöllun illa við kæranda. Í tölublaði Stundarinnar sem kom út þann 17. júní 2022 birtist grein um málið undir fyrirsögninni „Hvað kom fyrir Kidda?“.

Kærandi telur umfjöllunina alla brjóta í bága við 3. og 4. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands þar sem ekki hafi verið gætt fyllstu tillitssemi í svo viðkvæmu máli.

Kærðu hafi fyrirvaralaust haft samband við kæranda og spurt hann út í slysið. Kærðu hafi setið fyrir kæranda og elt hann. Kærðu hafi knúið dyra hjá kæranda, tekið ljósmyndir og hugsanlega tekið hann upp á myndband.

Nafn kæranda sé birt í grein Stundarinnar á meðan aðrir sem að málínu komu njóti nafnleyndar. Umfjöllunin sé einhliða og reynt hafi verið með afbökunum á gögnum málsins að skapa tortryggni um þá atburðarrás sem átti sér stað 23. september 1973. Kærandi tiltekur nokkur dæmi máli sínu til stuðnings.

Kærðu hafi ekki tilkynnt kæranda að endursögn á samtali þeirra yrði birt í grein fjölmiðilsins og greinin hafi ekki verið borin undir kæranda áður en hún birtist.

Umfjöllunin byggir á málsgögnum löggreglu frá 1973, auk viðtolum við ættingja hins látna og aðra viðmælendur; bæði um tildrög slyssins, ástand bílsins og um framburð kæranda og annarra vitna á sínum tíma.

Í andsvörum kærðu kemur fram að í umfjöllun Stundarinnar sé því ekki haldið fram að kærði hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi heldur sé það áréttarlega að hann hafi ekki réttarstöðu sakbornings. Þá sé fyrirvari við umfjöllunina sem segir orðrétt: „Það er rétt að taka fram og ítreka að á þessari stundu er enginn með stöðu grunaðs í rannsókninni og enginn verið yfirheyrður“.

Þá segir að umfjöllunin snúi að löggreglurannsókn á málínu á sínum tíma, en að gögn málsins sýni að henni hafi verið ábótavant.

Kærðu hafi borið myndir af bifreiðinni undir sérfræðinga sem hafi ekki treyst sér til að staðfesta að hann hafi farið margar veltur líkt og kemur fram í framburði kæranda hjá löggreglu. Myndir af bifreiðinni séu meðal meginröksemda Ríkissaksóknara fyrir því að samþykkja enduruptöku málsins.

Kærðu hafna því alfarið að hafa elt kæranda eða setið um hann. Þeir hafi boðið honum að koma eigin sjónarmiðum á framfæri í umfjölluninni í samræmi við fagleg vinnubrögð blaðamanna.

Þá hafi kærandi veitt nokkrum fjölmiðlum viðtöl áður en umfjöllun Stundarinnar birtist og hann hafi hvorki gert athugasemdir við þær nafnbirtingar né farið fram á að njóta nafnleyndar í samtölum við kærðu.

Umfjöllun:

Í umfjöllun Stundarinnar er ítarlega fjallað um þá rannsókn sem var framkvæmd á slysinu á sínum tíma og er megininntak greinarinnar að málið hafi ekki verið rannsakað með fullnægjandi hætti. Þá er rakin sú atburðarás sem varð til þess að líkamsleifarnar voru grafnar upp og sendar til frekari rannsókna.

Það er fáheyrt að líkamsleifar séu grafnar upp að svo löngum tíma liðnum og því er um verulega frétt næman atburð að ræða sem á erindi við almenning. Því er ekki óeðlilegt, að mati Siðanefndar, að fjallað sé um málið, jafnvel þó að sú umfjöllun kunni að valda aðilum málsins

óþægindum. Þá setja kærðu skýran fyrirvara við umfjöllun sína þar sem áréttar er að enginn hafi stöðu grunaðs og að enginn hafi verið yfirheyrður í tengslum við endurupptöku málsins.

Siðanefnd getur ekki tekið afstöðu til þess hvort of hart hafi verið gengið fram til að ná tali af kæranda. Ekki verður talið óeðlilegt að blaðamenn freisti þess að ná viðtali við mann sem svo nátengdur er slíku máli. Kærðu og kæranda ber ekki saman um hversu aðgangsharðir blaðamenn hafi verið við kæranda og engin gögn eru lögð fram sem styðja þær fullyrðingar kæranda að setið hafi verið um hann eða hann tekinn upp á myndband.

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands fellst á skýringar kærðu um ástæður þess að kærandi var nafngreindur en ekki aðrir sem tengdust slysinu, það er að kærandi hafi sjálfur veitt fjölmíðum viðtöl í framhaldi af tilkynningu lögreglu um uppgröftinn og að kærandi hafi ekki gert athugasemdir við þær nafnbirtingar né farið fram á nafnleynd í samtölum við kærðu.

Siðanefnd fellst ekki á það álit kæranda að umfjöllunin sé einhliða og hafi það að markmiði að skapa tortryggni um atburðarásina með afbökunum á gögnum.

Kærandi tekur fram að hann hafi leitað til fjölmíðilsins um leiðréttингar en engin svör fengið. Það er, að mati Siðanefndar, óásættanlegt að slíkum athugasemdum sé ekki sinnt.


Úrskurður:

Stundin, Aðalsteinn Kjartansson og Helgi Seljan teljast ekki hafa brotið siðareglur Bí.


Reykjavík, 18. október 2022.



Friðrik Þór Guðmundsson



Ásgeir Þór Árnason



Pálmi Jónasson



Sigríður Árnadóttir



Emma Björg Eyjólfssdóttir